

UPPLÝSINGAFULLTRÚI



DALVÍKURBYGGÐ

Dalvíkurbyggð leitar að öflugum og jákvæðum einstaklingi til að takast á við fjölbreytt og lifandi starf upplýsingafulltrúa á fjármála- og stjórnsýslusviði.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs. Starfshlutfall er 100% og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið og helstu verkefni

- Ritstjórn heimasíðu og umsjón með vefmiðlum.
- Þátttaka í uppbyggingu á stafrænni stjórnsýslu og upplýsingatækni.
- Markaðssetning á Dalvíkurbyggð og gerð kynningarefnis.
- Tengiliður samstarfsaðila vegna atvinnumála, s.s. ferðaþjónustu auk þátttöku í verkefnum þar af lútandi.
- Almenn upplýsingagjöf þjónustuvers.
- Þátttaka í stefnumótun og gerð kannanna.
- Ýmis tilfallandi verkefni auk afleysinga innan sviðsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð þekking og haldbær reynsla af sambærilegum störfum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, er æskileg.
- Góð tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni.
- Þekking og reynsla af Dynamics 365 B.C. (NAV) og OneSystems er æskilegt.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Skipulagsfærni, nákvæm vinnubrögð og árverkni.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Metnaður til árangurs og jákvæðni.

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2025

Við ráðningu eru jafnréttissjónarmið jafngild öðrum málefnalegum sjónarmiðum og hvetjum við áhugasama að sækja um, óháð kyni og uppruna. Dalvíkurbyggð áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg ferilskrá auk staðfesta afrita af prófskírteinum, sem og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.



MÖGNUM

Sótt er um starfið á www.mognum.is
Nánari upplýsingar veitir:

Sigríður Ólafsdóttir | sigga@mognum.is